

72

11. júní

L Ö G

um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzku torfi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 15 ár til þess að vinna þilplötur, byggingarpappa og tréni (sellulose) úr íslenzku torfi.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið. Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum óheimilt að nema torf hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr því til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í rikissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, eða falli framleiðslan niður um jafnlangan tíma, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

73

11. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrsta málsgr. 19. gr. laganna orðist þannig:

Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga